

**390. fundur
Hreppsnefndar Tálknafjarðar
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 10. september 2008 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaugur Jónsson (GJ), Sif Karlsdóttir (SK)

Fundargerð ritaði: Sif Karlsdóttir (SK)

Dagskrá:

1. 0807013F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 30

Til máls tóku BGG, EIS og BG.
Fundargerð staðfest samhljóða.

2. 0808006F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 31

Fundargerð staðfest samhljóða.

3. 0808007F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 32

Til máls tóku BGG, BB, EIS og BG.
Fundargerð staðfest samhljóða.

4. 0807012F - Bygginarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 19

Til máls tóku BGG, BB, GÓ og EIS.
Fundargerð staðfest samhljóða.

5. 0807070 - Byggingarnefnd. Samþykkt um úthlutun lóða á Tálknafirði

EIS lagði til að fresta þessum lið.
Samþykkt samhljóða.

6. 0808010F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 33

Til máls tóku EIS, BB, BG, GÓ og BGG.
Fundargerð staðfest samhljóða.

**7. 0808047 - Dagskrá 53. Fjórðungsþing Vestfirðinga, 5.-6. september 2008
og fundargerð stjórnar frá 24. júlí 2008**

Til máls tóku, EIS, BGG, BG og GÓ.
Lagt fram til kynningar.

8. 0808042 - Fjórðungssamband Vestjarða. Aðalfundagerð og ársreikningur Markaðsstofu og AtVest

Til máls tók EIS.
Lagt fram til kynningar.

9. 0808061 - Samband íslenskra sveitafélaga. Fundagerð 756. fundar

Lagt fram til kynningar.

10. 0808056 - Reglur sveitafélagsins Tálknafjarðarhrepps um skólamáltíðir.

Til máls tóku EIS, BB, GÓ, BG og BGG.
Reglur sveitafélagsins Tálknafjarðarhrepps um skólamáltíðir voru samþykktar 25. júlí við opnun tilboða á sveitaskrifstofu.
Lagðar fram til staðfestingar.
Samþykkt samhljóða.

11. 0808055 - AtVest. Rannsóknar- og nýsköpunarsjóður Vestur Barðarstrandarsýslu

Birna Benediktsdóttir tilnefnd sem varamaður í nefndinni.
Samþykkt samhljóða.

12. 0808054 - Sólstafir Vestfjarða. Ósk um samstarfs við Sólstafi Vestfjarða.

Til máls tóku EIS, BB, BG, BGG og GÓ.
Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að greiða kr. 3.000.- fyrir hvern starfsmann sem óskar eftir að sækja námskeiðið sbr fyrirbyggjandi beiðni.

13. 0808051 - Samband íslenskra sveitafélaga. Allsherjarþing Evrópusamtaka sveitafélaga 2009

Til máls tóku EIS, GÓ og BGG.
Lagt fram til kynningar.

14. 0808050 - Vinnueftirlitið. Ómtímamælingar í íþróttahúsi Tálknafjarðahrepps

Til máls tóku BB, GÓ, BG, BGG, EIS.
Hreppsnefnd leggur til að fela byggingarfulltrúa málið og koma með tillögu til úrbóta.
Samþykkt samhljóða.

15. 0808049 - Samgönguráðuneytið. Reglur um ráðstöfun 1.400 millj. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitafélaga 2008

Lagt fram til kynningar.

16. 0808048 - Vegagerðin. Samningur um veghald á þjóðvegum innan þéttbýlismarka

Til máls tóku BGG og EIS.
Samningurinn samþykktur samhljóða.

17. 0808046 - Samgönguráðuneytið. Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2008

Til máls tóku BGG og EIS.
Lagt fram til kynningar.

18. 0808044 - Rannsóknir og Ráðgjöf. Sögukort Vestfjarða

Til máls tóku BB, GÓ, BGG, BG og EIS.
Tálknafjarðarhreppur hefur þegar greitt helming styrkjarins. Lagt til að greiða síðari hluta.
Samþykkt samhljóða.

19. 0808043 - Starfsendurhæfing Vestfjarða. Boð um að gerast stofnaðili.

Til máls tóku, BB, BG, BGG, GÓ og EIS.
Lagt til að Tálknafjarðarhreppur gerist stofnfélagi með 100 þúsund króna framlagi.
Samþykkt samhljóða.

20. 0808041 - Húsnæði fyrir skólabúðir

Til máls tóku EIS og BGG.
Erindinu vísað til atvinnumálanefndar.
Samþykkt með 4 atkvæðum, BB sat hjá.

21. 0808040 - Orkustofnun-tilkynning um styrkveitingu

Til máls tóku BGG, EIS, BG, BB og GÓ.
Lagt fram til kynningar.

22. 0808039 - 53. Fjórðungsping Vestfirðinga, kjörbréf þingfulltrúa

Til máls tóku BGG, GÓ og EIS.
Í 4.gr laga Fjórðungssambands Vestfirðinga segir : "Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára, og aftur á miðju kjörtímabilinu." Kjósa þarf fulltrúa Tálknafjarðarhrepps á Fjórðungsping til tveggja ára. Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðni Ólafsson og Bragi Geir Gunnarsson, aðalmenn og Bjarnveig Guðbrandsdóttir og Birna Benediktsdóttir til vara.
Samþykkt samhljóða.

23. 0808038 - Samráðsnefnd. tilnefning í viðræður v/héraðsbókasafns

Áður afgangi.

24. 0809030 - Leikskólinn Vindheimar. Gjaldskrá

Til máls tóku BGG, BB, GÓ, BG og EIS.
Tillaga lögð fram um að fara í endurskoðun á gjaldskrá.
Vísað til skólanefndar til umfjöllunar.

25. 0809026 - Línuhönnun. Staða og aðgerðir í fraveitumálum.

Til máls tóku BGG, BG, EIS, BB og GÓ.
Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fá Tækniþjónustu Vestfjarða í samvinnu við Línuhönnun til þess að framkvæma vinnu s.s. hæðarmælingu á fráveitulögnum þannig að hægt verði að fá nákvæmt kostnaðarmat á því verki að koma fráveitumálum í Tálknafjarðarhreppi í það horf sem lög gera ráð fyrir.

26. 0809025 - Bjarni Andrésen, úrsögn úr nefnd um byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða.

Til máls tóku BGG, BG, GÓ, BB og EIS.
Úrsögn Bjarna tekin til greina og þakkar hreppsnefnd honum fyrir unnin störf. Bjarnveig Guðbrandsdóttir og Birna Benediktsdóttir taka sæti í vinnuhóp um byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða.

27. 0809024 - Ankeri afhent Tálknafjarðarhrepp til varðveislu. Bjarni Andrésen

Til máls tóku BB, BG, GÓ, EIS og BGG.
Tálknafjarðarhreppur þakkar Bjarna Andrésyni fyrir höfðinglega gjöf.
Samþykkt samhljóða.

28. 0809021 - Umsókn um útlutun á byggðarkvóta frá Niels A. Ársælssyni

EIS lýsir yfir vanhæfi sínu. Eyrún biður GÓ um að taka við stjórn fundarins og Guðlaug Jónsson um að taka sæti á fundi í sinn stað.
Til máls tóku GÓ, BGG, GJ, BB og BG.
Lögð var fram efrifarandi bókun:
"Varðandi umsókn Nielsar A. Ársælssonar um byggðarkvóta fiskveiðiárið 2007-2008 er það að segja að þar sem umsækjandi hefur ekki fært sönnur fyrir aðild sína að útgerð Sæunnar Bjarna GK-260, skipið hefur ekki landað afla sínum hér á Tálknafirði og útgerðin hefur ekki lögheimili hér, þá uppfyllir umsækjandi ekkert þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir útlutun byggðarkvóta." Í framhaldi vill hreppsnefnd benda á að eftir samþykkt sveitastjórnar á útlutunarreglum eru þær sendar til Sjávarútvegsráðuneytis og eru þær á forræði ráðuneytisins eftir það.

29. 0809032 - Tjaldsvæðið á Tálknafirði og Upplýsingamiðstöðin Tálknafirði. Yfirlit yfir sumarið 2008

Til máls tóku BB, EIS, GÓ, BGG og BG.
Lagt fram til kynningar.

30. 0809033 - Varðveisluverðir húseigna, erindisbréf drög

Til máls tóku BGG, EIS, BB, GÓ og BG.
Ekki er þörf fyrir yfirumsjónarmann hjá Tálknafjarðarhrepp þar sem sveitafélagið á engar varðveisluverðar húseignir.

Rætt um skipan fulltrúa Tálknafjarðarhrepps í gagnavinnsluhóp. Ákveðið að óska eftir aðkomu á fundi atvinnuálanefndar 13.feb. sl. Tillaga lögð fram um að Ása Jónsdóttir, formaður atvinnuálanefndar verði fulltrúi Tálknafjarðarhrepps.
Samþykkt samhljóða.

31. 0809031 - Jón Þórðarson. Ósk um meðmæli við umsókn

Til máls tóku EIS, BGG, GÓ, BG og BB.
Í hafnarreglugerð fyrir Tálknafjarðarhöfn er engin hafnsöguskylda í ljósi þessa er ekki hægt að mæla með með fyrirbyggjandi umsókn.
Samþykkt samhljóða.

32. 0809035 - Samgönguáætlun FV

Til máls tóku EIS og BGG.

Lögð var fram eftirfarandi yfirlýsing:

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps fagnar framkominni stefnumótun í samgöngumálum Vestfirðinga sem lögð var fram og samþykkt samhljóða, á nýliðnu Fjórðungspingi Vestfirðinga á Reykhólum. Þar er m.a. lögð áhersla á að ljúka uppbyggingu Vestfjarðarveggar 60 með þverun Kjálkafjarðar og Þorskafjarðar. Samhliða framkvæmdum við jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, verði hafist handa við framkvæmdir með áframhaldandi jarðgöngum undir Dynjandisheiði. Með tengingu norðan- og sunnanverðra Vestfjarða mun Ísafjarðarbær standa undir nafni sem byggðarkjarni Vestfjarða og fyrir íbúa og fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum opnast leiðin Ísafjörður – Reykjavík í gegnum Barðastrandasýslu, láglendisvegur að mestum hluta og jafnframt styðsta mögulega vegalengdin til höfuðborgarinnar.
Samþykkt samhljóða.

33. 0809034 - Reykjavíkurlugvöllur

Til máls tóku EIS, BGG, BG og GÓ.

Lögð var fram eftirfarandi yfirlýsing:

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir eindregnum stuðningi við samgönguráðherra í því verkefni að tryggja framtíð Reykjavíkurlugvallar í Vatnsmýrinni og hraða sem mest uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við völlinn. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps skorar á borgarstjórn Reykjavíkur að hlusta eftir röddum almennings í landinu öllu þegar framtíð borgarinnar sem miðstöð samgangna á Íslandi er skipulögð. Reykjavíkurlugvöllur gegnir lykilhlutverki í samskiptum höfuðborgar og landsbyggðar því innanlandsflugið eru einu almenningssamgöngurnar er þjóna landinu öllu. Flugvöllur í Reykjavík er ein forsenda þess að allir landsmenn geti litið á borgina sem raunverulega höfuðborg.
Samþykkt einróma.

34. 0807041 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

35. 0809029 - Lögreglustjórinn á Vestfjörðum. Bréf stílað þann 20. ágúst 2008, Lögreglusamþykktir á Vestfjörðum.

Til máls tóku BB, EIS, BGG, BG og GÓ.
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir einróma fyrirbyggjandi drög.

36. 0809028 - Samband Íslenskra Sveitafélaga. Yfirlýsing og bókun stjórnar sambandsins 22. ágúst 2008

Lagt fram til kynningar.

37. 0809027 - Fjárlaganefnd Alþingis. Fundir sveitastjórna með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2008

Til máls tóku BG, BB, BGG, GÓ og EIS.
Lagt fram til kynningar.

38. 0809023 - Lögreglustjórinn á Vestfjörðum. Ný lög um almannavarnir nr. 82

Lagt fram til kynningar.

39. 0809036 - Minnisblað til fjárlaganefndar og varðar fjárlög 2008

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:35

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |